

1504. stjórnarfundur

Frimann Ari Ferdinandsson

16.2.2011 kl. 8:30.

1. Fundargerð 1503. fundar.
Samþykkt.
2. Þing ÍBR.
Samþykkt að þing ÍBR fari fram 28. og 29. apríl n.k. Jafnframt samþykkt að óska eftir fulltrúum á Íþróttaping með bréfi þar sem ekki verður hægt að gera það á þingi eins og lög gera ráð fyrir.
3. Íþróttaping.
Lagt fram bréf varðandi framboð til stjórnar ÍSÍ.
4. Verkefnasjóður ÍBR.
Frestað þar til fjárhagsáætlun verkefnastyrkja liggur fyrir.
5. Alþjóðaleikar ungmenna Lanarkshire 2011.
Framkvæmdastjóri greindi frá því að Reykjavík væri á biðlista og það myndi skýrast á næstu dögum hvernig yrði með þátttöku okkar.
6. Erindi SKRR vegna rekstrarstyrks.
Visað til fjármálasviðs.
7. Starfshópur um starf með börnum og unglingum í Breiðholti.
Samþykkt að tilnefna Önnu Lilju Sigurðardóttur sem fulltrúa ÍBR í hópinn.
8. Stefnumótun um íþróttir.
Greint frá stöðu mála varðandi stefnumótun en vinna er hafin og er gert ráð fyrir að hún standi fram á sumar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9.50.

Frimann Ari Ferdinandsson
fundarritari